

Priðjudaginn 2. desember 1997.

Nr. 475/1997.

Sumarhús ehf.

(Valgarður Sigurðsson hrl.)

gegn

Práni Jóhannssyni og

Ernu Andreassen

(enginn)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Vanreifun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kærú 12. nóvember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 30. október 1997, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi. Kæruheimild er í c-lið 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 30. október 1997.

Mál þetta var þingfest 10. september 1996 og tekið til dóms 14. október sl. Er það höfðað af stefnanda, Sumarhúsum hf., kt. 560179-0309, Hjallahrauni 10 í Hafnarfirði, á hendur stefndu, Práni Jóhannssyni, kt. 211162-4819, og Ernu Andreassen, kt. 051262-2479, báðum til heimilis að Lindarbraut 30 á Seltjarnarnesi, með stefnu, birtri fyrir stefndu, Ernu Andreassen, persónulega og sem eiginkonu stefnda, Práins Jóhannssonar, 26. ágúst 1996.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða stefnanda 648.299 kr. með dráttarvöxtum af 600.000 kr. frá 31. apríl 1996 til 21. júní

1996, en af 648.299 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar að teknu tilliti til virðisaukaskatts að mati dómsins eða samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið. Við fyrirtöku málsins 3. júlí sl. ákvað dómari að kveðja til tvo sérfróða meðdómsmenn til aðalmeðferðar málsins.

Málsatvik.

Með verksamningi, dagsettum 30. desember 1994, tóku KR-sumarhús, kt. 040355-4999, Hjallahrauni 10 í Hafnarfirði, að sér að byggja 52,8 fm sumarhús með áfastri útigeymslu fyrir stefndu. Samningsverð var 3.400.000 kr., sem stefndu bar að greiða með bifreiðinni LT 527, Range Rover, árgerð 1990, við undirritun verksamnings eða eigi síðar en 2. janúar 1995. Þremur mánuðum eftir afhendingu verksins bar stefndu síðan að greiða 600.000 kr. ásamt verðbótum miðuðum við byggingarvísitölu frá afhendingardegi til greiðsludags án vaxta. Að lokum bar stefndu að greiða 1. júní 1996 1.595.000 kr. með fasteignartryggðu skuldabréfi, sem gefið yrði út við afhendingu sumarhússins og skyldi bera meðalvexti Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt nefndum verksamningi átti sumarhúsið að vera fullbúið og tilbúið til flutnings á athafnasvæði verksala 15. maí 1995 að viðlögðum dagsektum, 5.000 kr. á dag, þó með fyrirvara um ófyrirséð atvik. Stefndandi gaf út reikning á hendur stefndu fyrir 600.000 kr. samkvæmt ákvæði í verksamningi 31. mars 1996 og einnig viðbótarreikning fyrir 48.299 kr. vegna fyrirmæla stefndu um, að verönd yrði stækkuð o. fl. 21. maí 1996.

Í greinargerð stefndu kemur fram, að umrætt sumarhús hafi ekki verið tilbúið fyrr en 13. júní 1996. Þannig hafi verklok dregist í 29 daga. Þá hafi sumarhúsið verið verulega gallað, þegar það var afhent. Vegna þessa hafi stefndu haldið eftir greiðslum samkvæmt verksamningi. Þá hafi stefndu fengið Kristín R. Sigurjónsson byggingarmeistara til að skoða gallana og niðurstaða hans verið send lögmanni stefnanda og einnig kynnt Ólafi Ólafssyni, fyrirsvarsmanni stefnanda. Í niðurstöðu nefndrar álitsgerðar, dagsettrar 9. september 1996, segir meðal annars:

„Það er álit undirritaðs, ef litið er til framanskráðra atriða, að verksali sé ekki búinn að skila húsinu í því ástandi, sem verkkaupar gátu reiknað með, þegar kaupin voru ákveðin, og verksamningur segir til um, ásamt góðri fagmennsku.“

Stefndu fóru og fram á álit dómkvaddra matsmanna undir rekstri málsins. Dómkvaðning fór fram í þinghaldi 26. nóvember 1996. Í matsbeiðni var

Þess óskað, að metið yrði, hvort gallar væru á sumarhúsi stefndu, hvernig bæta mætti úr göllunum þannig, að stefndu væru ekki verr sett en að hafa fengið réttar efndir, og hvað úrbætur myndu kosta. Þá var þess óskað, að einstök atriði hússins yrðu könnuð með hliðsjón af framangreindum atriðum. Til að vinna hið umbeðna mat voru dómkvaddir Björn Björnsson húsa-smíðameistari og Sæbjörn Kristjánsson byggingartæknifræðingur. Var og matsfundur haldinn 11. júní sl. Í niðurstöðum matsgerðar kemur fram, að úrbætur á sumarhúsinu séu metnar á 378.000 kr.

Málsástæður og lagarök aðila.

Stefnandi reisir kröfu sína á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um rétt seljanda vöru og þjónustu til endurgjalds, sbr. lög nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Stefnandi hafi lagt fram í málinu reikninga, dagsetta 31. mars 1996, að fjárhæð 600.000 kr., og reikning, dagsettan 21. maí 1996, að fjárhæð 48.299 kr., fyrir selda þjónustu, sem stefndu hafi eigi greitt. Þá mótmælir stefnandi niðurstöðum matsgerðarinnar og telur, að þau atriði, sem þar komi fram, séu ýmist röng, séu tengd eðlilegu viðhaldi sumarhússins eða verkþættir, sem ekki voru hluti af verksamningi aðila.

Stefndi styður sýknukröfu sína því í fyrsta lagi, að stefndu hafi gert samning við KR-sumarhús, óskráð einkafyrirtæki Ólafs Ólafssonar, um smíði sumarhússins. Stefnðu séu því ekki í neinu samningssambandi við stefnanda málsins, Sumarhús hf. Beri því að sýkna stefndu vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi bendir á, að það skipti sérhverni aðila að samningssambandi verulegu, að hann eigi í samningssambandi við aðila, þar sem persónuleg ábyrgð samningsaðila sé í gildi. Þurfi hann því eigi að una, að skuldbindingar samningsaðila samkvæmt verksamningi séu færðar yfir á félag með takmarkaðri ábyrgð.

Stefnandi mótmælir málsástæðu þessari sem staðlausri. Stefnandi máls þessa hafi tekið við öllum skyldum verksala samkvæmt verksamningi aðila, KR-sumarhúsa, í janúar 1995, er stefnandi tók við rekstri KR-sumarhúsa. Hafi hann smíðað umþrætt sumarhús og afhent það stefndu án athugasemda. Þá hafi stefndu þegar greitt hluta verksins samkvæmt reikningum, sem eru samhljóða þeim reikningum, er lagðir eru til grundvallar kröfum stefnanda í máli þessu. Á þeim reikningum komi greinilega fram, að stefnandi krefji stefndu um greiðslur vegna smíði sumarhússins. Stefnandi vísar og til þess, að eigi sé lögð skylda á kröfuhafa í íslenskum rétti að tilkynna skuldara um aðilaskipti að kröfuréttindum í gagnkvæmum kröfusamböndum. Það, að réttur til efnda sé háður því skilyrði, að gagngreiðsla komi fyrir, standi eigi því í vegi, að krafan sé framseld öðrum kröfuhafa.

Stefndu reisa kröfu sína um sýknu að öðru leyti á því, að verði horft

fram hjá aðildarskorti stefnanda, sé þeim rétt að halda eftir greiðslum sínum að svo miklu leyti, að þau verði skaðlaus vegna nauðsynlegra endurbóta á sumarhúsinu, kostnaði af álitsgerð Kristins R. Sigurjónssonar, matskostnaði og öðrum kostnaði, sem stefndu hafa haft af rekstri málsins. Stefndu benda á, að aðila að gagnkvæmum samningi sé heimilt að skilyrða efndir sínar við réttar efndir gagnaðila síns. Stefnandi hafi afhent gallaða vöru, og hljóti stefndu því að hafa öðlast rétt til að halda eftir greiðslum, sem nemi endurbótum vegna gallanna. Beri samkvæmt þessu að leggja til grundvallar niðurstöður hinna dómkvöddu matsmanna í máli þessu.

Niðurstaða dómsins.

Stefnandi höfðar mál þetta til innheimtu eftirstöðva greiðslna samkvæmt verksamningi, dagsettum 30. desember 1994, sem gerður var milli KR-sumarhúsa, óskráðs einkafyrirtækis Ólafs Ólafssonar, sem verksala og stefndu sem verkkaupa.

Í stefnu lætur stefnandi undir höfuð leggjast að rekja, með hvaða hætti hann hafi orðið aðili að ofangreindum samningi og eignast kröfu á hendur stefndu. Hvorki í upphafi málsins né síðar undir rekstri þess lagði stefnandi fram gögn, er sýndu, að skuldskeyting hefði orðið með beinum eða óbeinum hætti.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu á grundvelli aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Eins og mál þetta liggur fyrir, lítur dómurinn svo á, að slíkir annmarkar séu á málatilbúnaði stefnanda, að ekki verði fullyrt, hvort stefnandi eigi þá kröfu, sem varð tilefni málshöfðunar hans. Af þeim sökum eru ekki skilyrði til að taka afstöðu til sýknu-kröfu stefndu á grundvelli aðildarskorts.

Niðurstaðan er því sú, að vísa beri máli þessu frá dómi án kröfu vegna vanreifunar samkvæmt heimild í 1. málslíð 1. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991.

Með hliðsjón af framangreindu verður stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað, að fjárhæð 80.000 kr.

Ólöf Pétursdóttir dómstjóri og meðdómsmennirnir Freyr Jóhannesson tæknifræðingur og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari kveða upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi greiði stefndu málskostnað, að fjárhæð 80.000 kr.